

Ingimundur Gíslason
augnlæknir

Þrír minnisverðir augnatburðir

Margs er að minnast frá langri starfsævi. Fyrir mörgum áratugum var ég sérfræðingur á bakvakt á augnlækningadeild Svæðissjúkrahússins í Örebro, Svíþjóð. Oftast voru þess konar vaktir án stórtíðinda enda duglegir ungir sérnámslæknar fyrir framan mig á fyrstu vakt.

Kvöld eitt hringdi vakthafandi skurðlæknir á bráðadeild í mig. Hann bað mig um að koma þegar í stað upp á skurðstofu vegna alvarlegs augnslyss. Mála-vextir voru þeir að ungur maður, fangi í hinu stóra öryggisfangelsi í Kumla, hafði sloppið út þaðan fyrr um daginn. Hann hafði haldið beint á fund fyrri félaga í næsta bæ og átti sá dínámísprengjur heima og hafði aðgang að bíl. Lögðu nú þeir kumpánar af stað að næsta pósthúsi en félaginn hafði fullyrt að þar inni væru mikil verðmæti í stórum peningaskáp. Vildi hann opna skápinn með öflugri sprengju. Söguhetja okkar sat í aftursæti bílsins með dínámítbúntið í fanginu (barnastóll fastur í hægra fram-sæti). En nú kom babb í báttinn. Í baksýnisspeglinum sást að löggan var á eftir þeim með blikkandi bláljós á þakinu. Nú var úr vöndu að ráða. Söguhetjan var fljót að hugsa og ákvað að nota þetta öflugra vopn sem hvíldi í kjöltu hennar, kveikti á forhlaðinu og bjó sig undir að kasta sprengjunni fram fyrir lögreglubílinn á réttu augnabliki. En ekki verður við öllu séð. Söguhetjunnar hafði yfirsétt að barnalæsing hurðarinnar var virk og því sprakk sprengjan þarna í höndum

hennar. Báðar hendur tættust í sundur, svo og bæði augu. Ekki fóru sögur af mikilli blæðingu og maðurinn missti ekki meðvitund. Á sjúkrahúsinu var lokað fyrir báða framhandleggsstubbana með húðflipa og ég lokaði fyrir báðar augntóftir með því að sauma saman slímhimnur enda bæði augun sundur-tætt. Þegar ég vitjaði sjúklings næsta dag sátu tveir lögreglumenn við rúmið, á þriðja degi aðeins einn og á þeim fjórða enginn.

Annað sinn var ég á bakvakt þegar hringt var í mig vegna konu rétt um sextugt sem fyrr um daginn hafði verið lögð inn á augnlækningadeild með bráða lithimnubólgu í báðum augum. Var hringt heim til mín vegna þess að konan var allt í einu farin að sjá ofsónir. Ég mætti upp á deild. Konan var nokkuð hress og sat uppi við þegar hún lýsti fyrir mér því sem hún sá út um gluggann: Á götu úti við innganginn hafði orðið stórslys, fólk lá stórslasað eða látið á víð og dreif, sjúkrabílar voru mættir á staðinn og fjöldi fólks hafði safnast fyrir til að fylgjast með. Ég leit út á götu og sá ekkert athugavert. Augu konunnar voru hvellrauð, frumuiferð í báðum forhólfum og samvextir á milli lithimnu og augasteins næstum allan hringinn. Meðferðin var staðbundin atropin, kókein, og sterar allt í dropaformi og „stórum skömmtum.“ Ég var í byrjun ráðþrota, hafði aldrei fyrr kynnst tilfellum sem þessu, hringdi í geðlæknavaktina og von bráðar var kornungur starfsbróðir það-

an mættur á staðinn. Hann var einnig ráðþrota og gat ekkert lagt til málanna. Hringdi ég svo heim til gamla yfirlækneisins míns. Hann var ekki á neinni vakt en tók erindi mínu vel. Vissi upp á hár hvað um var að vera, hrossakúrinn svo-kallaður en í of háum skömmtum. Ráðlagði hann að draga verulega úr notkun atropindropa en við það hurfu ofsónirnar eins og döggi fyrir sólu og strax næsta dag var ástand augnanna á góðum bata-vegi.

Aftur var ég á bakvakt í Örebro þegar hringt var í mig að kvöldi dags og ég beðinn að koma á skurðstofu á handlækningadeild til þess að fjarlægja augu nýlátinnar konu. Forsaga málsins var að ung kona eitthvað yfir tvítugt var að hlaupa úti við sér til hressingar og heilsubótar. Hún var sögð vera ákaflega hraust og án nokkurrar lyfjanotkunar fyrir utan getnaðarvarnarpillu. Í miðju hlaupi hneig hún skyndilega niður og var látin. Á spítalanum kom í ljós algjör heiladaudi á línuriti. Í samráði við nánustu ættingja var ákveðið að fjarlægja nýru og augu til líffæragsjafar. Þegar ég kom á staðinn var ég látinn lesa yfir alla löglega pappíra þess efnis að brottmám ofangreindra líffæra væri lögum samkvæmt. Ég hófst handa við að fjarlægja augun og á sama tíma voru tveir þvagfæraskurðlæknar að fjarlægja nýrun.

Í skurðstofunni eru öll ljós mjög dempuð, nánast myrkur, en úr litlu útvarpstæki uppi á hillu berst fjörug tónlist í þættinum „Musik mot midnatt.“



Stjórn Öldungaeildar
Óttar Guðmundsson formaður
Helga M. Ögmundsdóttir ritari
Sigurður Guðmundsson gjaldkeri
Friðrik Yngvarsson
Gísli Einarsson

Ritstjóri vefsíðu og síðu
Öldungaeildar í Læknablaðinu:
Helga M. Ögmundsdóttir